

Siglingaráð

26. fundur

Dags.: 5. nóvember 2020, kl. 11:00 til 12:00. Fjarfundur

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Eggert Ólafsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Rannveig Grétarsdóttir (Samtök ferðapjónustunnar), Bryndís Sigurðardóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Árni Bjarnason (Félag skipstjórnarmanna), Árni Sverrisson (Félag skipstjórnarmanna), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmtnimanna), Birgir H. Björnsson (Landhelgisgæsla Íslands), Jón Gunnar Jónsson (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Þorlákur Halldórsson (Landssamband smábátaeigenda), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu), Halla Sigrún Sigurðardóttir (Samgöngustofa), Ólafur Ragnarsson (Samgöngustofa).

Gestur fundar: Magnús Hauksson (Neyðarlínan).

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
2. Fundargerð 25. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).
3. Fjarskipti á sjó – hlekkir á nokkra upplýsingavefi og kort (send í tölvupósti).

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fjarfund ráðsins. Fjarfundir gætu orðið fleiri og ættu að henta fulltrúum á landsbyggðinni vel.

- 1) **Fundargerð 25. fundar samþykkt.**
- 2) **Styrkir til hugvitsmanna.** BA spurði um hver niðurstaðan í úthlutun styrkjanna hafi orðið. Áþ upplýsti úthlutun hafi verið í samræmi við umsögn Siglingaráðs. Hefring ehf hefur sett upplýsingar um styrkinn á heimasíðu sína en styrkurinn eykur möguleika á styrkjum úr erlendum samkeppnisjóðum. HÁ sagði að gott væri að fá upplýsingar þegar málum er lokið. Ákveðið var að fá kynningu á stöðu verkefna sem hafa hlotið styrki síðustu ár.

Fjarskipti á hafinu. Magnús Hauksson hjá Neyðarlínunni kynnti stöðu fjarskipta við strendur landsins, sem samanstendur af VHF og AIS auk GSM sambands og Tetra. Samskipti um gervihnetti eru vaxandi.

Vaktstöð siglinga (VSS) rekur Neyðarlínan samkvæmt þjónustusamningi við Vegagerðina.

Starfsemi VSS er tvíþætt annars vegar stjórnstöð LHG og hins vegar rekstur á sendum. MH sýndi staðsetningu VHF senda á Íslandi á korti og eru svæði með útreiknaðri viðtöku skipa auðkennd í gráum lit. Drægnin er einkum háð því hversu hátt yfir sjávarmáli loftnetin eru í landi og sömuleiðis í skipunum. Kerfið annast rás VHF 16 og rás VHF 70 fyrir stafrænt valkall (DSC).

Búnaðurinn er reglulega endurnýjaður og voru miklar endurbætur árin 2017 og 2018.

Þá fær VSS einnig tilkynningar um gervihnattakerfi og frá öðrum aðilum svo sem EMSA.

AIS kerfið samanstendur af landstöðvum (gult) og AIS endurvörpum (rautt) á Íslandi. Drægni kerfisins er álíka og sjá mátti á VHF kerfinu en skuggasvæði eru oft mjög nærri landi í vikum og fjörðum. AIS kerfið var sett upp 2012 en búið að bæta við fjölda endurvarpa til að ná að fækka skuggasvæðum. Nú er nýr endurvarpi í Breiðafirði sem kemur sér vel fyrir þá sem sigla um það svæði.

Umræða var um A og B AIS tæki í smábátum en MH sagði að A tækin væru með meiri sendistyrk og einnig senda þau boð oftar en B tækin. Mælt með A tækjum um borð og hvatt til þess að uppfæra í A tæki við endurnýjun. HS spurði um fjölda B tækja í notkun. MH sagði að allflestir

smábátar væru með B tæki. HÁ sagði að sendistyrkurinn skipti mestu máli og að í nýlegum B tækjum væri sendistyrkurinn nánast sá sami og í A tækjunum. Bátar 12-15 metrar eru allir með A tæki, sé loftnetið gott og nægilega hátt dugi 10 W sendistyrkur. Það sem skiptir miklu máli er hæð loftnetsins og frágangur á búnaðinum um borð sé í lagi. Leggja þarf áherslu á ítarlegar skoðanir eftirlitsaðila með tækjunum og virkni þeirra um borð í bátunum. Tryggja þarf að frágangur sé réttur og tengingar öruggar.

MH sagði aðeins frá Tetra kerfinu sem einkum er notað í landi en LHG og björgunarsveitir eru að nota kerfið í aðgerðum og æfingum á sjó.

MH fjallaði um farsímakerfið en það er orðið býsna langdrægt og símafyrirtækin dugleg að setja upp öfluga senda í mikilli hæð og jafnvel leggja ljósleiðara á mikilvæga sendistaði s.s. Dalatanga. Algengt er að atvik á sjó séu tilkynnt með hringingu í 112 en menn hvattir til að tilkynna sömuleiðis í talstöðina á rás VHF 16 í neyðartilvikum.

Helsti staður þar sem samband er slægt er út af Hornströndum þar sem skortir rafmagn til að knýja senda. Símafyrirtækin hafa áhuga á að setja upp endurvarpa á slíkum stöðum sé rafmagn til staðar. Uppsetning rafstöðva og tilheyrandi flutningur á olíu er ekki áhugaverður kostur. Reynt hefur verið að framleiða rafmagn með vindmyllum án árangurs nú verður gerð tilraun með nýja íslenska spíralvindmyllu.

Umræða var um mögulegar leiðir til að bæta símasamband og AIS samband á nokkrum svæðum við landið. HÁ upplýsti að bátar eru að detta úr sambandi í Faxaflóa og utan við Sandgerði. Rætt var um valkosti eins og að setja upp öfluga senda á Bláfjöllum, Akrafjalli og upp á vatnsgeyminn á Miðnesheiði. MH sagði að rætt hafi verið við símafyrirtækin um ýmsa möguleika en það þarf sérstök leyfi fyrir því að setja upp senda og fólk kvartar yfir sjónmengun. Þá geta sendar yfir borgum og bæjum truflað símasamband þar svo sem ef sendar væru í Bláfjöllum, Úlfarsfelli eða Akrafjalli. Landslagið við ströndina veldur einnig því að samband við báta nærri landi rofnar. Neyðarlínan muni skoða frekari kosti að fenginni ósk Siglingaráðs. Fékk hann bestu þakkir fyrir erindið og tekið var undir að vanda þurfi til verka í þessum málum.

3) Önnur mál.

- a) HS minnti á fyrri mál sem fjallað hefur verið um í ráðinu og spurði um framgang þeirra.
 - i) Hvað er að fréttu af breytingu á reglugerð um farþegaskip þar sem krafist er samþykkis Samgöngustofu á neyðaráætlunum í skipunum? EÓ upplýsti að málið verði tekið aftur upp og unnið áfram.
 - ii) Ættu þeir sem eru með smáskipanámið ekki að vera gjaldgengir til að mega starfa sem hásetar á stýrisvakt í brú kaupskipa? JGJ sagði að málið hafi verið rætt innan SGS og getur verið að STCW kröfur heimili þetta ekki.
 - iii) Hvenær kemur Skútan í gagnið. Minnt á óskir ráðsmanna að í Skútunni væru „Mínar síður“ þar sem sjómenn geti skoðað réttindi sín og jafnvel fengið sendar viðvaranir ef þau eru að renna út á tíma. JGJ sagði verkefnið hafa dregis en að stefnt sé að því að Skútan komist í gagnið á öðrum ársfjórðungi næsta árs. Vilji er fyrir hendi að kerfið nýtist sjómönnum sem best.
- b) HÁ spurði ráðsmenn hvort kvartanir hafi heyrst um að menn hafi verið að missa réttindi við breytingu á lögnum þegar smáskiparéttindin voru færð upp í 15 metra. ÁB sagði að kvartanir hafi ekki borist vegna þessa til FS. Ákvæði eru í lögnum að menn haldi réttindum á þeim skipum sem þeir hafa starfað á en þeir eru ekki sáttir við hvernig staðið er því sem frestur til að sækja um 15 metra réttindin sé eingöngu til áramóta. HS bætti við að yfirleitt í svona breytingum haldi menn sínum réttindum og margir fái aukin réttindi vegna reynslu. Breytingarferlið getur verið erfitt en jafnar sig með tímanum.
- c) ÁB bað fundarmenn að hugleiða hvort ástæða sé til að breyta ákvæði siglingalaga um ábyrgð skipstjóra þar sem ljóst er að útgerð skips ræður öllu sem hún vill ráða en skipstjórinn taki afleiðingum þó hann fylgi fyrirmælum útgerðar. VV tók undir þetta og BS sagði að ljóst verði að vera hver axli ábyrgð á atvikum sem ógna öryggi og heilsu skipverja.
- d) HÁ og ÁP þökkðu fulltrúum núskipaðs ráðs en samstarfið sem hefur gengið afburða vel. Tilnefningar hafa borist frá aðilum að ráðinu um fulltrúa þeirra til næstu ára en hvatt var til

tilnefninga fleiri kvenna í faghópnum. Verið er að senda nýskipuðum fulltrúum bréf vegna þessa.

- e) Áþ sagði að björgunarsveitir hafi frestað sölu litla neyðarkallsins vegna Covid en upplýsti að stóri neyðarkallinn verði í sölu og bað ráðsmenn hvetja fyrirtæki, félög og stofnanir til að styrkja Landsbjörgu með kaupum á neyðarkalli.

Næsti fundur verður boðaður í tölvupósti.

IV og Áþ rituðu fundargerð.